



Mennta- og barnamálaráðuneyti
b.t. skrifstofu ráðuneytisstjóra og innri þjónustu
Sölvhólgötu 4,
101 Reykjavík
mrn@mrn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 11. september 2023

Efni: Umsögn um áform um breytingu á lögum um framhaldsskóla (vinnustaðanám, innritun o.fl.), mál nr. 157/2023

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) hafa tekið til umsagnar áform um breytingu á lögum um framhaldsskóla (vinnustaðanám, innritun o.fl.), mál nr. 157/2023. Í nefndu áformaskjali segir að nú þegar fengist hafi reynsla á framkvæmd reglugerðarinnar um vinnustaðanám sé tilefni til að breyta ákvæðum laganna, sem fjalla um vinnustaðanám, einkum til að styrkja og bæta lagagrundvöll reglugerðarinnar ásamt því að efla starfsnám á framhaldsskólastigi. Samtökin fagna áherslum stjórnvalda á að efla starfsnám enda mikilvægt fyrir samkeppnishæfni Íslands að hér sé öflugt starfsnámskerfi sem mætir þörfum atvinnulífs og almennings.

Kjarni málsins er sá að íslenskur iðnaður og íslensk fyrirtæki vantar fagmenntaða starfsmenn. Í könnun Gallup fyrir Samtök atvinnulífsins um mannafla og færniþörf á íslenskum vinnumarkaði 2023 kom t.d. fram að 52% iðnfyrirtækja skortir starfsfólk með ákveðna færni eða menntun. Það er alveg sama hvar borið er niður, alltaf er viðkvæðið það sama hjá íslenskum atvinnurekendum - það vantar fleiri fagmenntaða starfsmenn.

Núverandi starfsnáms- og réttindakerfi í iðnaði hefur að mati samtakanna sannað gildi sitt en mikilvægt er að sníða af kerfinu annmarka til að tryggja aukna skilvirkni þess, bættu upplifun nemenda af náminu sem og aukin gæði náms. Samtökin vilja því koma eftirfarandi athugasemdum á framfari um umrædd áform.

Nýtt vinnustaðanámskerfi hefur reynst vel og er enn í innleiðingarferli

Ein af stærstu breytingum í iðnnámi síðustu ára var breyting á reglugerð um vinnustaðanám sem samþykkt var af þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra 1. ágúst 2021. Með því voru að mati samtakanna tekin mikilvæg og jákvæð skref til að auka aðgengi nemenda að vinnustaðanámi og auka skilvirkni þess. Hefur frá þeim tíma verið unnið markvisst að því að auka gagnsæi við framkvæmd vinnustaðanáms, m.a. með tilkomu rafrænna ferillbóka sem og birtingarskrár stjórnvalda. Mikilvægt er að halda áfram á þeirri vegferð og lagfæra þá miklu annmarka sem nú eru á þeim kerfum.



Benda samtökin á að innleiðing reglugerðarinnar um vinnustaðanám var gerð seint á árinu 2021 og enn er verið að klára innleiðingu hennar og koma henni í fulla virkni. Er því ekki komin nægileg reynsla á reglugerðina til þess að fara í breytingar, þá allra síst grundvallarbreytingar á núverandi vinnustaðanámskerfi. Reglugerðin hefur að mati Samtaka iðnaðarins reynst vel og reglugerðin um vinnustaðanám er skýr.

Aukin umfjöllun um hlutverk rafrænna ferilbóka

Í nefndu áformaskjali er lögð áhersla á að skýra þurfi hlutverk rafrænnar ferilbókar í lögum um framhaldsskóla. Samtökin fagna því enda er hvergi fjallað um rafrænar ferilbækur í núgildandi lögum um framhaldsskóla. Eins er lögð áhersla á að taka af allan vafa í lögum um að mat á hæfni nemenda í vinnustaðanámi telst vera hluti af námsmati. Samtökin telja mikilvægt að staldra hér aðeins við. Rafræn ferilbók er skráning um framvindu náms og námsferil nemanda á vinnustað og hefur það markmið að halda utan um mat á hæfni starfsnema á vinnustað. Byggist námsmatið öðru fremur á samningi milli meistara og nema. Óhjákvæmilegt er miðað við eðli vinnustaðanáms og uppbyggingu að horfa á það mat sem þar fer fram með öðrum augum en hefðbundið námsmat í skólum enda er mat á hæfni nemenda í vinnustaðanámi, í dag, ekki hluti af námsmati skóla. Í dag er það svo að hæfni er náð þegar nemi hefur uppfyllt allt sem er í rafrænni ferilbók, og er það skráð af nema og samþykkt af meistara.

Telja því samtökin ekki rök hníga til þess að rafrænar ferilbækur séu skilgreindar sem hluti af námsmati líkt og 1. mgr. 30. gr. laga um framhaldsskóla ber með sér. Standi til að fella mat á hæfni nemenda skv. rafrænni ferilbók undir 30. gr. laga um framhaldsskóla er rétt og eðlilegt að horfa til sérstöðu vinnustaðanáms. Sé hugmyndin að fella mat á hæfni nemanda skv. rafrænni ferilbók undir „umsjón skólameistara“, skv. áðurgreindu ákvæði, myndi það fela í sér grundvallarbreytingu á tilhögun vinnustaðanáms, sem samtökin gjalda varhug við.

Sveinspróf eru mikilvæg fyrir iðnaðinn

Í áformaskjalinu er tiltekið að tilefni sé til að skoða hvort ástæða sé til að gera frekari breytingar á ákvæðum laga um framhaldsskóla sem tengjast vinnustaðanámi og nefna í því samhengi fyrirkomulag sveinsprófa. Þá er tiltekið í áformaskjalinu að til standi að gera breytingar á 30. gr. laga um framhaldsskóla en í 4. mgr. þess ákvæðis er fjallað um sveinspróf. Þar er kveðið á um að nám í löggiltum iðngreinum ljúki með sveinsprófi.

Ekki má ráða af áformaskjalinu í hverju fyrirhugaðar breytingar á sveinsprófum kunna að fela í sér en Samtök iðnaðarins vilja í þessu samhengi áréttta mikilvægi sveinsprófa og telja samtökin ekki ástæðu né þörf á því að gera breytingar á því fyrirkomulagi. Sveinspróf er nátengt réttindakerfi iðnaðarins enda fá þeir aðilar útgefin sveinsbréf sem hafa náð sveinsprófi í tiltekinni iðn og hafa þar með heimild til að starfa í viðkomandi iðn á grundvelli laga um handiðnað nr. 42/1978. Hvers konar breytingar á sveinsprófum hafa því óhjákvæmilega áhrif á réttindakerfi í iðnaðinum.

Sveinspróf hafa sannað gildi sitt sem mælikvarði atvinnulífsins á viðeigandi hæfni sem atvinnulífið telur nauðsynlegt að nemendur hafi tileinkað sér. Mikilvægt er að þau próf séu ávallt til skoðunar, endurbætt og uppfærð til samræmis við breytta tíma. Framkvæmdaraðilar sveinsprófa í dag eru aðallega tveir, Iðan – fræðslusetur og RAFMENNT. Umræddir aðilar hafa farið í markvissa vinnu við að greina stöðu sveinsprófa, upplifun nemenda og kennara af þeim og gripið til ráðstafana til að betrubæta prófin. Hér er mikilvægt að vera á tánum og uppfæra prófin – bæði út frá breyttri og uppfærðri verkþekkingu í atvinnulífinu.



Í ljósi þess hversu almennt orðað áformaskjalið er hvað varðar mögulegar breytingar á fyrirkomulagi sveinsprófa telja samtökin ekki forsendur til að gera frekari athugasemdir við umræddan hluta áformanna. Samtökin áréttu þó mikilvægi sveinsprófa, að þau haldi áfram með þeim hætti sem þeim er lýst í 4. mgr. 30. gr. laganna en að sama skapi leggja áherslu á að sveinsprófunum sé ávallt viðhaldið og uppfærð í samræmi við nýjustu þekkingu.

Endurskoða þarf Vinnustaðanámssjóð og auka framlög

Samtökin fagna því að efla eigi starfsnám í skólum enda mikil þörf á nýliðun í mörgum greinum. Nú er það þannig að færri komast í iðnnám en vilja og telja samtökin mikilvægt að fjölga iðnnámsplássum í skólum en ekki síður auka hvata atvinnulífsins til að sinna þjálfun, kennslu starfsnema og miðla hæfni, reynslu og þekkingu. Í þessu samhengi vilja samtökin benda á að efla þarf Vinnustaðanámssjóð en sjóðurinn stendur engan vegin undir því að efla starfsnám. Á síðasta ári voru veittar um 250 milljónir króna til Vinnustaðanámssjóðs, sem er langt undir þörfum, og ljóst er að það fjármagn dugar ekki til að mæta kostnaði fyrirtækja vegna vinnustaðanáms. Samtökin hafa bent á að fyrirtæki á fjárlögum, þ.e. ríkisrekin fyrirtæki líkt og Landspítalinn, sækja töluvert af fjármagni í sjóðinn. Hafa samtökin talið að breytingar þurfi að gera á því fyrirkomulagi og tryggja að fyrirtæki á fjárlögum komi með fjármagn með sér í sjóðinn ef úthluta á styrkjum til þeirra. Ljóst er að efla þarf sjóðinn og endurskoða útgreiðslur úr honum en það er mikilvægur liður í að efla starfsnám.

Veita þarf ráðherra svigrúm til að breyta innritunarreglum til að mæta þörf

Innritunarreglur takmarka möguleika eldri nema á að fara í starfsnám og einstaklingar eldri en 18 ára hafa undanfarin ár átt erfitt með að fá inngöngu í eftirsóttar námsbrautir. Það er jákvætt að áhugi nemenda í grunnskólum er til staðar en það er bagaleg staða að á haustönn 2022, var flestum hafnað um skólavist í starfsnámi, eða 485 af 819 umsóknum. Var höfnunarhlutfall í starfsnámi í heildina 16,9% en eingöngu 5,8% í bóknámi. Það vekur athygli að flestum þeim sem hafnað er um skólavist í fyrrgreindum greinum eru eldri en 19 ára og í húsasmíði og grunnnámi bygginga- og tæknigreina er hátt hlutfall 30 ára og eldri.¹ Samkvæmt nýjustu innritunartölum hefur hlutfall þeirra sem hafnað er í starfsnám hækkað í 17,6.² Staðan er því miður að versna.

Það væri til mikilla bóta að sett væri ákvæði í lög um framhaldsskóla sem myndi veita ráðherra aukið svigrúm til að gera breytingar á reglum um innritun í starfsnám til að mæta þessari stöðu, þegar við á, sér í lagi ef breytingar á innritunarreglum verða einnig til þess að auka aðgengi 18 ára og eldri nemenda að starfsnámsbrautum framhaldsskóla. Í þessu samhengi vilja samtökin jafnframt benda á að auka þarf fjármagn inn í skólana til að innrita eldri nema í starfsnám til að efla kvöld, dreif- og fjarnám enda sækir umræddur hópur aðallega í slíkar námsleiðir. Kjarni málsins er sá að það þarf að taka út aðgangshindranir tengt aldri í starfsnámi og fjölga ársnemum í verknámsskólum.

Jákvæð breyting á ákvæðum um samninga við rekstur einkaskóla

Samkvæmt áformaskjalinu er fyrirhugað að endurskoða ákvæði laganna, nánar tiltekið 43. gr., sem snýr að samningum ríkisins um rekstur einkaskóla á framhaldsskólastigi. Samtökin taka undir mikilvægi þess að fara í slíkar lagabreytingar og telja tímabært að fara yfir og samræma skilgreiningar á hugtaka- og orðanotkun.

¹Skýrsla starfshops um innritun í starfsnam 2022.pdf (hi.is)

² <https://mms.is/innritunartolfraedi-haust-2023>



Einnig þarf að leggja áherslu á að skýra stöðu samninga ríkisins við einkaaðila um rekstur framhaldsskóla og námsbrauta á framhaldsskólastigi, einkum með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á ytra umhverfi. Samtökin vilja benda á að stjórnvöld verða að gera samninga og auka fjármagn til þeirra sem eru að bregðast við og bjóða upp á raunfærnimat sem og dreif-, fjar- eða kvöldnám til að bregðast við skorti á iðnmenntuðum.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading 'Sigurður Hannesson', is written over a horizontal line.

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI